

66. gr.

Fastráðnir starfsmenn.

Fastráðnir starfsmenn bæjarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum 3 mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur opinberra starfsmanna sbr. lög nr. 38/1954 eftir því sem við á.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

67. gr.

Lausráðnir starfsmenn.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Flateyrarhrepps nr. 245/1990, sbr. samþykkt nr. 434/1994, samþykkt um stjórn Ísafjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 315/1994, sbr. samþykkt nr. 661/1994, samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrahrepps, Vestur-Ísafjarðarsýslu, nr. 62/1992, samþykkt um stjórn og fundarsköp Suðureyrarhrepps nr. 98/1991 og samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyrarhrepps nr. 370/1990.

Félagsmálaráðuneytinu, 20. júní 1996.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 373

26. júní 1996

REGLUGERÐ

um eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega árið 1996.

1. gr.

Á fjárhæð tekjutryggingar skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar og fjárhæðir heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð skal greiða uppbót sem hér segir á árinu 1996:

- a) Í júlí 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 24% uppbót vegna launabóta.
- b) Í ágúst 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 20% uppbót vegna orlofsuppbótar.
- c) Í desember 1996 skal greiða á þessar fjárhæðir, eins og þær eru í júní 1996, 30% uppbót vegna desemberuppbótar og 24% uppbót vegna launabóta.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 65. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, sbr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. júní 1996.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á Gunnarsson.